

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

FEBRÚAR 2020



2. tbl. 23. árg.



ALLAR PIZZUR AF MATSEDLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 17.-23. FEB. 2020



Haga-vagninn

- Hofsvallagata 52 -



OPIÐ

8-24

ALLA DAGA

Á EIÐISTORGI

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Vesturbugt fullbyggð innan fjögurra ára



Teikning arkitektastofu af fyrirhugaðri byggð. Tekið skal fram að ekki er um endanlegt útlit að ræða.

Vonir standa til að hafist verði handa við byggingu íbúða við Mýrargötu 26 eða Vesturbugt á svæði Vesturhafnarinnar í Reykjavík. Er það félagið Kaldalón byggingar hf. sem standa mun að verkefni sem gert

er ráð fyrir að kosta muni um 10 milljarða króna.

Kaldalón var stofnað á síðasta ári en í lok október var 1,8 milljarða króna hlutafé lagt í félagið. Gert er ráð fyrir að félagið muni eignast um 80% hlut

í verkefninu. Félagið Sundaborg ehf., sem stofnaði Vesturbugt eignarhaldsfélag mun eiga 20% í verkefninu.

Frankvæmdir áttu að hefjast í Vesturbugt um mitt síðasta ár en fjármögnun vegna verkefnisins



Hard Rock CAFE

REYKJAVÍK

HÁDEGISTILBOÐ
★★★★★★★★



kr. 1.490.-



gekk ekki eftir því viðskiptabanki félagsins Vesturbugtar dró vilyrði fyrir fjármögunum til baka. Reykjavíkurborg veitti þá félaginu sex mánaða frest til viðbótar því sem kveðið var á um í samningum. Á liðnu hausti var gengið til samninga við Kviku banka og ákveðið að bankinn myndi afla framkvæmdafjár til verksins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir taki þrjú til fjögur ár. Verslanir er fyrirhugaðar á jarðhæð ásamt veitinga- og kaffihúsum. Þá er gert ráð fyrir torgi á svæðinu.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
þín verslun

Allt fyrir sprengidaginn...

Saltkjöt

- beint úr tunnunum
léttsaltað á gamla mátann

✓ Kjötið okkar
klikkar ekki

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

2. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Fullbyggt höfuðborgarsvæði

Á einni og hálfri öld hefur íslenska þjóðin flutt úr byggð í borg. Í dag búa um 95% þjóðarinnar í þéttbýli. Ef farin eru 150 ár aftur í tímann voru þéttbýlisbúar aðeins liðlega 10% af íbúafjölda. Um 1880 bjuggu um 8.600 manns í 47 byggðakjörnum smáum og stórum vítt um landið en um 64.000 manns í strjálbýli. Í flestum tilfellum á bæjum í sveit. Höfuðborgarsvæðið var nær óbyggt á þessum tíma.

Eftir aldamátin 1900 og einkum eftir lok fyrri heimsstyrjaldar tók fólk að streyma inn í þéttbýlin. Flestir til svæðisins við Faxaflóa sem kallað er höfuðborgarsvæði í dag. Þessi straumur helgaðist að miklu leyti af breyttum atvinnuháttum.

Höfuðborgarsvæðið tók að þenjast út. Í stað þess að þar myndast samstæð borg var byggðin dreifð. Nánast eins og eyjur og separ um allt. Astæður þess eru ýmsar. Sterkur sveitamaður lifði í fólki sem vildi hafa rúmt í kringum sig og lausatök voru á skipulagi.

Nú er byggðin að vaxa að ytri mörkum höfuðborgarsvæðisins sem er umlukið sjó á þrjú vegu en fjóllum á þann fjórða. Eina leiðin til þess að taka við stöðugri fólksfjölgun og bregðast við húsnæðismálum er að þetta byggðina. Byggja á áður óbyggðum svæðum og breyta iðnaðarbyggð í íbúðahverfi. Þetta hefur verið gert á undanföllum árum en sitt hefur hverjum sýnst hvert eigi að stefna.

Verði fólksfjölgun með sama móti og verið hefur er ekki langt þar til huga verður að öðrum svæðum til þess að taka við nýjum íbúum. Ýmislegt kemur til greina. Byggð á Kjalarnesi og ofan Hvalfjarðar. Vaxandi byggð í Árborg og hugsanlega gæti myndast þéttbýliskjarni í Ölfusi í tengslum við Þorlákshöfn. Verði hætt að bræða ál í Straumsvík mætti mynda byggð á ströndinni frá Hafnarfirði í Voga.

Byggðamyndun á Suðvesturlandi er ekki lokið. Spurningin er hvar fólk kys að setjast að eða forráðamenn viðja að skáka því þegar fullbyggt verður á milli fjalls og fjöru á landi Seltjarnarness hins forna.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á
Facebook

Fyrsta skóflustungan að nýbyggingu Alþingis

Mesta framkvæmd á vegum Alþingis í 140 ár

Hin nýja bygging verður þjónustukjarni sem í fyllingu tímans mun sameina á einum stað alla starfsemi nefndasviðs, skrifstofur þingmanna og funda- og vinnuáðstöðu þingflokka. Þetta er mesta framkvæmd á vegum Alþingis frá því að gamla Alþingishúsið bar byggt á árunum 1880 til 1881.

Um er að ræða um sex þúsund fermetra byggingu sem gert er ráð fyrir að muni rísa á fjórum árum kosta um 4,4 milljarða auk verðbóta á tímabilinu. Byggingin verður tengd nær öllum öðrum byggingum Alþingis þannig að innan gengt verður til Skála og þinghússins sjálfs auk húsalengjunnar við Kirkjustræti. Í húsinu verða skapaðar nútímalegar og fyrsta flokks vinnuáðstöður fyrir þingmenn og ekki síður starfsfólk Alþingis. Þá verða góðar aðstæður til að taka á móti gestum sem koma til Alþingis og þingnefnda.



Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri nýbyggingu Alþingis.

Alþingi verður mun betur í stakk búið til að halda ýmis konar fundi og minni ráðstefnur að sögn Steingrims J. Sigfússonar forseta Alþingis. Í máli hans við skóflustunguna kom fram að tveir fyrstu verkþættirnir væru þegar umsamdir, það er steinkápan

utan á bygginguna en litbrigði í íslensku bergi mundi setja á hana sterkan svip og svo jarðvegsvinna í grunni byggingarinnar sem hefist á næstu dögum. Útboð fyrir bygginguna sjálfa yrði svo auglýst í vor og uppsteypa hefjast í haust.

Ný nöfn á stígum í borginni

Skipulags- og samgönguráð hefur samþykkt tillögu nafnanefndar um nöfn á reiðhjóla- og göngustígum í Reykjavík, eða svokölluðum lykilstígum. Nafnanefnd skipuðu Armann Jakobsson, prófessor í íslensku, Guðrún Kvaran prófessor í íslensku, Ásrún Kristjánsdóttir, listamaður og Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi og formaður nefndarinnar.

Stígarnir sem hlutu nöfn eru sex talsins. Þeir nefnast, Mánaleið, Sólarleið, Árleið, Kelduleið, Eyjaleið og Bæjarleið. Mánaleið nefnist stígurinn meðfram Sæbraut. Sólarleið liggur meðfram Ægisíðu í gegnum Fossvog, inn í Elliðaárdal. Árleið liggur í gegnum Elliðaárdal. Kelduleið liggur meðfram Sæbraut, í gegnum Geirsnef og svo Vesturlandsveg inn í Mosfellsbæ. Eyjaleið liggur frá Bryggjuhverfi, í gegnum Grafarvoginn inn í Mosfellsbæ meðfram sjónum og Bæjarleið liggur frá Nauthólsvík, meðfram Öskjuhlíð og niður í miðbæ Reykjavíkur.



Mánaleið liggur meðfram Sæbraut.

Fjölvítamín náttúrunnar, hreint og ómengað

Engin tilbúin næringaefni



13 vítamín og 16 steinefni • 18 aminósýrur • Bláðgræna • Omega GLA fitusýrur
SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Hrein orka, eflir einbeitingu, eykur súrefnismettun, gefur heilbrigða næringaríka orku sem virkar allan daginn.

Eflir mótstöðu og er góð vörn gegn flensum. Frábært gegn þreytu, sleni og pírringi, auðugt af járn.

Inntaka: Allur aldur.

Nánari upplýsingar á www.celsus.is



lifestream

Fæst í apótekum, Hagkaup, Melabúðinni, Græn heilsa og Heilsuhúsinu



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Skúli Helgason ræðir leikskólamálin

Kennaraskorturinn er landlægt vandamál

Meirihluti skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur ákvað á dögunum að leggja til að stytta opnunartíma leikskóla borgarinnar frá og með 1. apríl næstkomandi. Almennur opnunartími yrði samkvæmt því frá klukkan 07:30 til 16:30 í stað 17:00. Einnig var lagt til að börn dvelji að hámarki níu klukkustundir á dag í leikskólum. Í tilkynningu frá borginni segir að fyrirhuguð breyting byggir á tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólustarfs en í honum eiga m.a. sæti kjörnir fulltrúar og fulltrúar leikskólalækjara og leikskólakennara. Talsverður umræður hafa orðið um þessar hugmyndir og sitt sýnist hverjum. Vesturbæjarblaðið spjallaði við Skúla Helgason formann skóla- og frístundaráðs á dögunum.

Skúli segir að í gögnum stýrihópsins komi fram að á undanförunum árum hafi dvalartími barna í leikskóla stöðugt verið að lengjast. Þetta hafi gerst á sama tíma og faglærðu starfsfólki hafi farið fækkandi. Fækkun fagfólks megi að mestu rekja til mun minni aðsóknar í leikskólakennaranám undanfarinn áratug. Skúli bendir á að stýrihópurinn telji að stytting opnunartíma muni draga úr álagi á börn og starfsfólk og styrkja faglegt starf þar sem skipulag daglegs starf verði markvissara og auðveldara að manna leikskólana. Á móti hefur verið bent á stytting skóladags leikskólans komi helst niður á fólki sem eigi erfitt vinnu sinnar vegna að ná í börn fyrir klukkan 16.30 þar sem margir vinna lengri vinnudag.


Færri koma inn en hverfa af vinnumarkaði

“Tilfni þess að við fórum að skoða þetta mál er einkum viðvarandi kennaraskortur á leikskólastiginu. Tillagan tengist í raun aðgerðum okkar til að bæta starfsumhverfi fólks sem vinnur í leikskólunum en við höfum samþykkt fjölda aðgerða og varið vel á annan milljarð króna undanfarin tvö ár í að bæta aðbúnað starfsfólks og barna, t.d. með fjölgun starfsfólks á eldri deildum, fjölgun undirbúningstíma, stækkun leikrýmis, fjármagni til

liðsheildarvinnu og margt fleira. En eftir stendur kennaraskorturinn sem er landlægt vandamál sem rekja má allt aftur til lagabreytingar 2008. Staðreyndin er sú að eftir að kennaranámið var lengt úr þremur árum í fimm hefur aðsókn að náminu dregist verulega saman. Um helmingi færri fólk stundar nú nám til kennsluréttinda en fyrir lengingu námsins. Þetta hefur leitt til nýliðunarvanda sem lýsir sér í því að mun fleiri leikskólakennarar láta af störfum vegna aldurs heldur en útskrifast úr kennaradeildum háskólanna. Við þetta má svo bæta að nú þegar eitt leyfisbréf til handa kennurum á öllum skólastigum er orðið að veruleika telja ýmsir að leikskólakennarar muni í auknum mæli sækja inn í grunnskólann þar sem vinnuumhverfið þykir að sumu leyti sveigjanlegra. Við erum mjög stolt af okkar leikskólum og því frábæra starfi sem þar fer fram og er að mörgu leyti á heimsmælikvarða. En við verðum að vera raunsæ með það að skortur á fagfólki leiðir til meira álags á alla starfseminna og við teljum það vera okkar skyldu að bregðast við því til að standa vörð um velferð barnanna og gæði starfsins.”

Innan við helmingur nýtir viðbótartímann

Skúli segir að við athugun hafi orðið ljóst að rúmlega helmingur þeirra foreldra sem kaupir viðbótartíma í leikskólum borgarinnar nýti hann ekki. “Önnur stór sveitarfélög hafa þegar breytt opnunartíma leikskóla á þennan hátt. Þar má nefna að hjá Akureyrarbæ, Reykjanesbæ og Kópavogsbæ hefur þessi breyting þegar verið gerð. Í Árborg var þetta skref stigið fyrir fjórum árum. Niðurstaða af könnun okkar á nýtingu þessa viðbótartíma er að foreldrar um 18% barna í leikskólum borgarinnar kaupa þennan tíma en aðeins um 8% nýta hann. Því hefur verið haldið fram að stytting leikskólatímans bitni mest á fólki sem er í viðkvæmari stöðu. Til dæmis einstæðir foreldrar. Þegar við fórum að kanna þetta kom í ljós að flestir þeirra foreldra sem kaupa viðbótartíma eða 73% er fólk í hjónabandi eða sambúð.”



Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Staðreyndin er sú að eftir að kennaranámið var lengt úr þremur árum í fimm hefur aðsókn að náminu dregist verulega saman. Um helmingi færri fólk stundar nú nám til kennsluréttinda en fyrir lengingu námsins. Þetta hefur leitt til nýliðunarvanda sem lýsir sér í því að mun fleiri leikskólakennarar láta af störfum vegna aldurs heldur en útskrifast úr kennaradeildum háskólanna.

Látum vinna jafnréttismat

Skúli segir borgarráð hafa ákveðið að láta vinna jafnréttismat á þessum tillögum áður en málið komi til endanlegrar afgreiðslu. “Við viljum leita eftir sjónarmiðum foreldra með sérstakri könnun og rannsaka eins nákvæmlega og kostur er hvaða áhrif breytingarnar kunna að hafa fyrir mismunandi

hópa foreldra. Í því sambandi verður skoðað hvort rétt sé að fara í einhverjar mótvægisáðgerðir til að koma til móts við foreldra sem eiga erfiðast með að mæta breytingunum. Ég finn fyrir miklum stuðningi frá leikskólasamfélaginu og mér finnst vera vaxandi skilningur á málinu meðal foreldra. Ég er hins vegar ekkert undrandi á að umræður skapist um mál af

þessu tagi. Þetta snertir fólk með ýmsu móti.” Skúli segir talsvert rætt um styttingu vinnudagsins um þessar mundir. “Reykjavíkurborg var með tilraunaverkefni af því tagi sem hafði góð áhrif og fleiri hafa unnið að þessu. Stytting vinnuvikunnar er mál sem kemur líka inn í kjarasamninga og það er metnaðarmál okkar að ná samningum um það við okkar viðsemjendur enda er þetta mál sem ég er sannfærður um að muni hafa góð áhrif á vinnuumhverfi og stuðla að fleiri samverustundum fjölskyldunnar.”

Leikskólarýmum fjölgað

Skúli segir að nú sé unnið kröftuglega að því að fjölga leikskólarýmum í borginni í tengslum við Brúum bilið aðgerðaáætlunina með það í huga að geta innan fárra ára boðið börnum leikskólavist strax að loknu 12 mánaða fæðingarorlofi. Á síðastliðnu rúmu ári hafi rýmum t.d. fjölgað um vel á annað hundrad með nýjum leikskóladeildum við

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Drafnarsteinn er sex deilda leikskóli sem rekinn er í þremur húsum; Drafnarborg er við Drafnarstíg 4 og Dvergasteinn er við Seljaveg 12. Í leikskólanum dvelja að jafnaði um 120 börn. Í Drafnarborg er rekin ungbarnadeild þar sem dvelja um 30 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

fimm af leikskólum borgarinnar. Framundan er bygging nýrra leikskóla, viðbyggingar við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda um alla borg. Hann nefnir væntanlega viðbyggingu við Gullborg í Vesturbænum sem dæmi um mikilvæga framkvæmd sem sé á teikniborðinu. Þá sé unnið að byggingu nýs leikskóla í Miðborginni. “Sú bygging verður fyrir aftan Austurbæ eða gamla Austurbæjarbíó. “Leikskólinn Miðborg er í dag rekinn í þremur húsum sem eru komin til ára sinna. Nú munum við byggja nýjan vel búinn leikskóla sem leysir tvær af þessum eldri leikskólabyggingum af hólmi. Í haust opnaði ný ungbarnadeild í Drafnarsteini í Vesturbænum sem bættist við

ungbarnadeildir í Grandaborg og Hagaborg. Þetta eru sérútbúnað deildir þar sem séð er fyrir þörfum yngstu barnanna. Þar eru meðal annars ný skiptiborð, upphituð gólf, ný húsgögn og leikföng auk útisvæða við hæfi yngstu barnanna. Við erum búin að opna 21 leikskóladeild og sjö munu bættast við á þessu ári.

Vesturbæjarskólinn er lyftistöng

Ef við snúum okkar aðeins að grunnskólanum,” heldur Skúli áfram “þá er nýja viðbyggingin við Vesturbæjarskólann gríðarleg lyftistöng fyrir skólastarfið. Þar er um margar nýjungar að ræða bæði er varða aðstöðu

kennara og nemenda. Næsta stóra verkefni í Vesturbænum er að fara í endurbætur á Melaskóla. Þótt um glæsilega byggingu sé að ræða þarfnast hún viðhalds og einnig þarf að aðlaga ýmsa hluti kröfum nýrra tíma. Má þar nefna aðgengismál, mótuneyti og fleira sem ekki var hugað fyrir á þeim tíma sem húsið var byggt.” Skúli segir að skólarnir í Vesturbænum séu mannaðir réttindakennurum og einnig fyrstu skólarnir sem tóku að sér að innleiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég er líka mikill talsmaður þess að nýta eigi græn svæði í nærumhverfi skólanna sem lifandi svæði fyrir fjölbreytta útiveru barna og fullorðinna. Liður í því er að nýta Hagatorg meira fyrir skólana og íbúa svæðisins.



Hagatorg eftir lagfæringar sem gerðar hafa verið. Þær breyta þó litlu um nýtingu togsins í þágu fólks. Til að nýta þetta svæði fyrir skólabörn og annan almenning þyrfti að beina bílaumferð meira í aðrar áttir.

Í haust opnaði ný ungbarnadeild í Drafnarsteini í Vesturbænum sem bættist við ungbarnadeildir í Grandaborg og Hagaborg. Þetta eru sérútbúnað deildir þar sem séð er fyrir þörfum yngstu barnanna. Þar eru meðal annars ný skiptiborð, upphituð gólf, ný húsgögn og leikföng auk útisvæða við hæfi yngstu barnanna.

Hagatorg er eitt stærsta torg landsins en jafnframt eitt það vannýttasta og það stingur í augun ekki síst þegar mikil þörf er á auknu leik- og athafnarými fyrir börn og nemendur á svæðinu í Melaskóla, Hagaskóla og leikskólanum Hagaborg. Ég myndi vilja setja það í flokk með því sem við köllum “torg í biðstöðu” svæði sem mætti bjóða áhugasömum aðilum þ.m.t.

umræddum skólum að nýta til fjölbreyttrar útiveru án þess að festa framtíðarnotkun í skipulag til lengri framtíðar. Við sáum það við opnun Menningarnætur í fyrra að Hagatorgið hefur alla burði til að iða af lífi og við eigum að bretta upp ermar og nýta það fyrir börnin og íbúana í Vesturbænum.”

„Það er meira val en maður heldur“

Kynntu þér lífeyrissparnað



Skip eiga að geta tengst rafmagnni við bryggju



Skip við Miðbakka. Í framtíðinni er áætlað að tengja skip við rafmagn úr landi.

Nú stendur til að koma á rafvæðingu við Faxaflóahafnir til að skip á hafnarsvæðinu geti tengst rafmagnni í landi.

Skúli Helgason formaður stjórnar Faxaflóahafna segir að búið sé að koma af stað samstarfsverkefni á milli Faxaflóahafna, Veitna og skipafélaganna um ákveðna rafvæðingu á hafnarsvæðinu. Ætlunin er að skip verði tengt rafmagnni úr landi á meðan þau liggja við bryggju. Hugmyndin er að byrja á flutningaskipum en í framhaldinu verði einnig hægt að koma rafmagnni til skemmtiferðaskipa. Skúli segir að um mikið hagsmunamál sé að ræða frá umhverfislegu sjónarmiði.

Lagt til að rifta kaupum á Alliance húsinu

Engin greiðsla barst frá tilvonandi kaupendum

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur lagt til að Reykjavíkurborg rifti kaupsamningi sem gerður var um eignina Grandagarð 2, oftast nefnt Alliance húsið. Einnig var óskað eftir heimild borgarráðs til að hefja viðræður við það félag sem átti næsthæsta boð í eignina.

Borgarráð samþykkti 28. nóvember 2019 kaupsamning við Alliance þróunarfélag og var kaupverðið 900 milljónir. Að Alliance-hópnum stóðu fjárfestinga- og þróunarfélögin M3 Capital í eign Arnar Kjartanssonar og Eldborg Capital í eign Brynjólfs J. Baldurssonar. Samkvæmt kaupsamningi átti fasteignin Grandagarður 2 að afhendast 15. janúar 2020 og á sama tíma átti kaupandi að greiða fyrstu greiðslu upp í kaupun eða 90 milljón sem er einn tíundi af umsömdu heildar kaupverði. Greiðsla barst ekki og af afhendingu hússins varð því ekki. Í framhaldi af því var lagt til við borgarráð að rifta kaupsamningi.

Alliance þróunarfélag varð hlutskarpast í auglýstu samkeppnisferli þar sem kaupverð



Hér má sjá Alliance húsið og nánasta umhverfi þess.

hafði 50% vægi á móti hugmyndafræði, hönnun og samráði við nærumhverfi. Tilboð Alliance þróunarfélags var metið áhuga-verðast út frá bæði verði og hugmyndum um starfsemi og þróun á reitnum. Húsið skyldi selt með leigusamningum, en þar er nú starfrækt Sögusafnið og veitingastaðurinn Matur og

drykkur auk þess sem listamenn hafa aðstöðu á efri hæðinni. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 2012 og var húsið lagað að utan í framhaldinu en ytra byrði þess er friðað. Næst hæsta tilboð í Alliance húsið áttu bræðurnir Gísli og Arnar Haukssynir og Kristján Jónsson borgararkitekt sem hljóði upp á 650 milljónir.

Ríkið og Minjastofnun dæmd bótaskyld

Íslenska ríkið og Minjastofnun hafa verið dæmd bótaskyld vegna húss við Holtsgötu sem ekki mátti rífa. Landsréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem hinir opinberu aðilar voru dæmd bótaskyld.

Deilan um húsið við Holtsgötu hófst fyrir fimmtán árum þegar borgin samþykkti deiliskipulag á svokölluðum Holtsgöturéit. Deiliskipulagið kvað á um að byggja mætti fjölbýlishús á lóðinni við hliðina á umræddu húsi auk þess sem mætti rífa það og byggja annað og stærra. Húsið var auglýst til sölu fyrir fimm árum með þeim formerkjum sem deiliskipulagið kveður á um. Í millitíðinni höfðu lög tekið gildi sem aldursfriðuðu öll hús 100 ára og eldri. Húsið við Holtsgötu var reist árið 1904. Minjastofnun greip þá inn í sölu hússins og sagðist hvorki ætla að



Umrætt húsið við Holtsgötu í Vesturbæ Reykjavíkur.

veita heimild fyrir því að húsið yrði rífið né afnema friðun þess. Eigandinn kærði þessar ákvarðanir til forsætisráðuneytisins sem staðfesti þær.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í mars á síðasta ári að íslenska ríkið væri bótaskyld, ekki vegna lagasetningarinnar heldur hvernig stjórnvöld fóru eftir lögum um minjavernd. Fjarlægja þyrfti húsið til að nýta mætti byggingarmagnnið til fulls og það væri ekki nóg að byggja við húsið, eins og ríkið hélt fram. Eigandi hússins rak málið sjálfur fyrir bæði héraðsdómi og Landsrétti. Dómurinn horfði til þeirrar vinnu sem hann hafði lagt í málareksturinn og gerði ríkinu að greiða honum 2,5 milljónir í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto

Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Þrír hlutu viðurkenningar Íslenska sjávarklasans

Þrír aðilar hlutu að þessu sinni viðurkenningar Íslenska sjávarklasans á Grandagarði. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa stuðlað að öflugra samstarfi og stuðlað að aukinni verðmætasköpun í því frumkvöðlasamfélagi sem hefur verið til staðar í Húsi Sjávarklasans. Það sem einkennir fyrst og fremst þá aðila sem hljóta viðurkenningarnar að þessu sinni er að þau hafa hvert á sinn hátt leitt samstarf sem eflt hefur frumkvöðlasamfélagið innan Sjávarklasans. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra veitti viðurkenningarnar 6. febrúar sl.



Handhafar viðurkenninganna ásamt Kristjáni Þóri Júlíussyni sjávarútvegsráðherra og Bertu Daníelsdóttur framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans.

Í fyrsta lagi hlaut Sjávarútvegsráðstefnan viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf við að tengja fólk í sjávarútvegi saman með árlegri ráðstefnu sem nú hefur verið haldin í áratug. Sjávarútvegsráðstefnan hefur stuðlað að aukinni umræðu á fjölmörgum sviðum sjávarútvegs og eflt með því tengsl og skapandi hugsun í greininni. Hólmfríður Sveinsdóttir formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar tók við viðurkenningunni fyrir hönd Sjávarútvegsráðstefnunnar.



Magneubátur bjóða meðal annars upp á annarskonar skipulag vinnu- og svefnryma um borð.

Þá hlaut Spakur ehf viðurkenningu fyrir ötult starf við að tengja saman fjárfesta og frumkvöðla í klasanum. Þau Helga Viðarsdóttir og Jökull Jóhannsson stofnendur

þannig grundvöll fyrir frekara frumkvöðlastarfi í klasanum. Loks hlaut fyrirtækið Magnea bátar, sem er nýsköpunarteymi um rafskip í eigu Navis, viðurkenningu fyrir að vekja athygli á mikilvægi umhverfislausna í skiparekstri hérlandis og að hvetja til samstarfs um nýsköpun á því sviði. Samstarf Magneu báta og Greenvolt, sem varð til í Húsi sjávarklasans, er gott dæmi um samstarf sem skilað getur umtalsverðum árangri og nýsköpun. Bjarni Hjartarson og Kári Logason tóku við viðurkenningunni fyrir hönd Magneu báta.

Spaks hafa átt ríkan þátt í að brúa bilið á milli þessara aðila og skapa

VONARSTRÆTI

FYRIR UMHVERFIÐ FYRIR FÓLK

VONARSTRÆTI, VERSLUN MEÐ

UMHVERFISVÆNAR VÖRUR Á LAUGAVEGI 27

Verslun með umhverfisvænar heimilisvörur, fatnað, snyrtivörur, áfyllingarvörur, margnotavörur og alls konar skemmtilegt.

vonarstraeti.is | [insta: @vonarstraeti](https://www.instagram.com/vonarstraeti) | [facebook: @vonarstraeti.verslun](https://www.facebook.com/vonarstraeti.verslun)

Faxaflóahafnir vilja auglýsa Fiskislóð 41

Faxaflóahafnir vilja auglýsa lóð á Fiskislóð 41 á Granda í Reykjavík til uppbyggingar og þróunar. Bílabúð Benna hefur sýnt áhuga á lóðinni til að koma þar upp aðstöðu.

Skeljungur skilaði umræddri lóð fyrir skömmu og á fundi stjórnar Faxaflóahafan var málið rætt. Fram koma að ekki yrði hægt að verða við beiðni bílabúðar Benna þar sem auglýsa ætti lóðina.



Úr Örfirisey.

FLYTJUM BÍLA OG VÉLAR UM ALLT LAND OG TÖKUM BÍLA Í FÖRGUN - S: 840 9595



Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS
LAUGAVEGI 46



APÓTEKI
S: 414 4646

Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga
09.00-19.00

Laugardaga
10.00-16.00

Sunnudaga
12.00-16.00



Gáfu afmælispeninginn til Unicef



Afmælisbörnin ásamt fulltrúum Unicef.

Afmælisbörn októbermánaðar í fjórða bekk Vesturbæjarskóla tóku þá ákvörðun að gefa afmælispening sinn til starfsemi Unicef. Afmælisbörnin fengu síðan fulltrúa frá Unicef í heimsókn á dögnum.

Þær fræddu börnin um starfsemi samtakanna og tilkynntu í hvað fjárhæðin nýttist, s.s. hnetumauk og vatnshreinsitöflur og hversu mörgum það myndi hjálpa. Þær svöruðu ótalmörgum spurningum barnanna, enda vildu þau vita heilmikið um starfsemi Unicef víða um veröld. Þær sýndu hópnum mikið þakklæti fyrir stuðninginn enda skiptir hann sköpum fyrir börn um allan heim og gerir Unicef kleift að veita nauðsynlega aðstoð um víða veröld. Við erum ákaflega stolt af okkur börnum fyrir að gefa af sér í svona gott málefni.

Barnakórinn við Tjörnina sjö ára

Ég kem alltaf glöð heim

- segir Álfheiður Björgvinsdóttir stofnandi og stjórnandi



Barnakórinn við Tjörnina setur sterkan svip á kirkjustarfið í Friðkirkjunni og tengir ungt fólk kirkjunni. Hér er kórinn við fjölskyldustund í kirkjunni sunnudaginn 13. október sl. Kórinn tekur reglulega þátt í athöfnum kirkjunnar. Stjórnandi kórsins er Álfheiður Björgvinsdóttir. Mynd: Brynjólfur Bragason.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Barnaskórinn við Tjörnina er sjö ára. Stofnandi kórsins er Álfheiður Björgvinsdóttir tónlistarkennari og kórstjóri. Hún segir að upphaf kórstarfsins megi rekja til þess að Gunnar Gunnarsson tónlistarstjóri og organisti Friðkirkjunnar hafi komið að orði við sig fyrir jólin árið 2012. Hann hafi spurt sig um hvort hún gæti útvegað nokkur börn til að syngja á aðventukvöldi kirkjunnar.

„Ég sló til að hóaði saman í lítinn hóp sem söng við athöfnina ásamt Sönghópnum við Tjörnina. Á þeim tíma hafði ekki verið barnakór við Friðkirkjuna um tíma en ég hafði átt mér draum um að koma litlum barnakór á fót. Ég hugsaði með mér. Af hverju ekki núna. Friðkirkjan er dásamlegur staður og mig langaði að bjóða börnum upp á lifandi starf í kirkjunni. Gunnar Gunnarsson tónlistarstjóri og séra Hjörtur Magni Jóhannsson friðkirkjuprestur voru mjög áhugasamir og safnaðarráðið tilbúið til stuðnings. Þetta varð til þess að fyrsta æfing hins nýja kórs var haldin í mars 2013 þar sem tíu hressir krakkar mættu til leiks. Ég ákvað að setja ákveðin skilyrði fyrir kórstarfinu. Þau voru að kórinn væri opinn öllum börnum og öllum að kostnaðarlausu. Friðkirkjan er ekki hverfiskirkja heldur kemur fólk víða að í kirkjuna. Flest börnin í hópnum sem syngja með í ár koma úr gamla Vesturbænum en annars koma þau víða að. Ég er til dæmis með eina stúlku úr Kópavogi.“

Tók við Kársnesskólakórnum af Þórunni

Álfheiður hefur unnið lengi með börnum. Hún starfar sem kennari við Kársnesskóla í Kópavogi þar sem öflugt kórstarf hefur verið í langan tíma. „Ég var sjálf nemandi í Kársnesskóla og söng í Skólakór Kársness hjá Þórunni Björnsdóttur - Tótu sem margir þekkja af starfi hennar með Skólakór Kársnesskóla. Er eiginlega alin upp hjá henni

í þessu og tók svo við kórnum þegar hún lét af störfum.“ En hvernig tengist Álfheiður Friðkirkjunni. „Sem barn fór ég af og til í barnamessur með mömmu minni. Þá man ég eftir líflegum jólasemmtunum og öndunum sem komu alltaf syndandi í átt að kirkjunni þegar bjöllurnar hringdu. Svo byrjaði ég að syngja með sönghópnum í kirkjunni vorið 2011. Þá bjó ég á Baldursgötunni og því stutt að stökkva til og syngja í messum. Einnig var ég í Kvennaskólanum svo Friðkirkjan hefur lengi verið í mínu nærumhverfi.“

Um 35 börn í kórnum

„Við bindum okkur ekki í neina ákveðna tónlist. Ég reyni mikið fremur að hafa þetta fjölbreytt. Ég leitast við að velja lög við hæfi barnanna en einnig að kynna fyrir þeim fjölbreytta barnakóratónlist, sálma og veraldleg lög. Nú eru um 35 börn á aldrinum sex til ellefu ára í kórnum. Á hverjum þriðjudegi mæta þau til æfingar. Þá fyllist kirkjan af kátum krökkum og húsið yðar af lífi. Foreldrar og systkini koma gjarnan og fylgjast með og stundum lítur einn og einn ferðamaður inn.“

Tökum virkan þátt í safnaðarstarfinu

Er kórinn hluti af kirkjustarfinu? „Já – barnakórinn tekur virkan þátt í safnaðarstarfinu og syngur til dæmis í fjölskylduguðsþjónustum einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Kórinn kemur einnig fram við jólahald og páska. Kórinn hefur sýnt leikþætti á jólasemmtunum og helgihald páska er líka mikilvægur þáttur í kórstarfinu. Við fjölskylduguðsþjónusturnar fá börnin tækifæri til að koma fram. Þau kynnast helgihaldinu og því góða fólk sem starfar í kirkjunni. Kórinn hefur vaxið og dafnað síðustu árin. Við erum að ná mjög góðum árangri en það þarf þolinmæði til að byrja slíkt starf frá grunni. Það er líka



Álfheiður Björgvinsdóttir tónlistarkennari og kórstjóri.

frábært að vinna með Gunnari tónlistarstjóra. Hann er fjölhæfur tónlistarmaður. Er mikill spuna-meistari og svo er alltaf hljóm-sveit sem leikur með honum við kirkjuathafnir.

Kórinn hefur mikið gildi

Álfheiður er spurð um gildi barnakórsins fyrir Friðkirkjuna. „Ég tel að hann hafi mikið gildi. Aldrei er betur mætt en þegar við erum með í fjölskyldumessunum. Þá kemur fólk sem tengist börnunum. Nánustu fjölskyldur og stundum fleiri. Einkum skyldmenni. Ég held að kórinn kalli fólk í kirkjuna sem myndi ekki annars koma. Við tengjum þetta við fermingarbörnin og höfum líka prófað að halda krakkamessur. Annars er þetta í stöðugri þróun. Barnakórastarfi er að sækja í sig veðrið og hafa nokkrir kórar hafið starfsemi á síðustu árum. Við höldum bara áfram að efla sönginn því söngurinn tengir okkur svo vel saman. Börnin æfa í tveimur hópum, kórinn í 1. til 4. bekk og svo í 5. til 7. bekk. Börnin eru dásamleg, kraftmikil og fjörug. Ég kem alltaf glöð heim“ segir Álfheiður að lokum.

MYNDATÖKUR
við öll tækifæri

Ljósmyndastofan
Eiðistorgi

Tímabantanir
552-0624
milli kl. 13-17

Áralöng reynsla
Erling

Unuhús við Garðastræti

Gamla húsið í Vesturbænum er að þessu sinni Unuhús eða Garðastræti. Húsið var byggt árið 1896 af Guðmundi Jónssyni apótekara. Það var um langa tíð eitt þekktasta hús Reykjavíkur. Saga þess hófst í upphafi 20. aldar þegar ungt listafólk voru heimangangar í húsinu. Má þar nefna Stefán frá Hvítadal, Stein Steinarr, Nínu Tryggvadóttur myndlistarmann, Guðmund G. Hagalín, Þorberg Þórðarson og síðast en ekki síst Halldór Kiljan Laxness sem öðrum fremur hefur gert þeim tíma skil þegar menningarlíf blómstraði í Unuhúsi. Einkum í bókinni Skáldatímar en Erlendur í Unuhúsi er einnig talinn vera fyrirmynd að organistanum í Atómstöðinni svo nokkurs sé getið.

Húsið er nefnt eftir Unu Gísladóttur eiginkonu Guðmundar. Una annaðist matsölu og hafði kostgangara eins og það var kallað og leigði einnig út aðstöðu til gistingar. Fæði og húsnæði þótti í lægri kanti hjá henni og því drógust þangað ýmsir sem höfðu takmörkuð auraráð. Ekki síst skáld og listamenn en einnig fólk sem átti sér hvergi höfði að halla. Una lést árið 1924 og þá tók sonur þeirra hjóna, Erlendur við og hélt uppi merki móður sinnar sem gestgjafi og velgjörðarmaður þeirra sem vöndu komur sínar í Unuhúsi. Erlendur var umtalaður í Reykjavík. Í minningarorðum um hann má finna eftirfarandi lýsingu: "Mjer er það hulin ráðgáta hvernig Erlendur öðlaðist alla þá þekkingu, er hann hafði. Það duldist engum, sem við hann talaði, að þar var hámenntaður



Unuhús eða Garðastræti. Húsið var byggt árið 1896 af Guðmundi Jónssyni apótekara. Það var um langa tíð eitt þekktasta hús Reykjavíkur.

maður. En þó var hugljúfust þrúðmennska hans og ráðhollusta. Þar átti hann engan sinn líka."

Gestur kaupir húsið

Gestur Ólafsson skipulagsfræðingur og arkitekt festi kaup á Unuhúsi ásamt þáverandi eiginkonu sinni Ernu Ragnarsdóttur um miðjan áttunda áratug liðinnar aldar. Þau keyptu húsið af föður Ernu Ragnari Jónssyni sem kenndur var við

smjörlíkisgerðina Smára og var þekktur útgefandi og listunnandi í Reykjavík um langt skeið. Ragnar hafði keypt húsið af Erlendi Guðmundssyni árið 1941 á 45 þúsund krónur sem þótti nokkuð hátt kaupverð ásamt því skilyrði að hann mætti búa þar til dauðadags. Talið er að þessi gjörningur hafi orðið vegna þess að Erlendur hafi viljað forða vini sínum Halldóri Kiljan Laxness frá gjaldþroti og Ragnar hlaupið undir bagga

með þessum hætti. Húsið var illa farið er Gestur og Erna festu kaup á því en Gestur taldi það menningarsögulegt slys að rífa það. Þau ákváðu að endurbyggja húsið í upprunalegri mynd. Garðastæri hafi þá verið hækkað og því þurfti að hækka húsið til samræmis og flytja það neðar í lóðina. Einnig þurfti að einangra húsið sem mun hafa verið lítið eða ekkert einangrað. Einnig varð að byggja við það vegna þess að húsaskipan og stærð herbergja

var með þeim hætti að hún hent- aði ekki lífsstíl fólks á síðasta hluta 20. aldar. Var viðbyggingin þannig úr garði gjörð að taka mætti hana niður síðar. Árið 1987 kviknaði í húsinu og var þá aftur hafist handa um endurbyggingu þess því sem næst í hinum upprunalega stíl. Húsið er enn í eigu Gestis Ólafssonar.

Aumingi sem yrði að hjálpa og lækna

Sú saga er til af Unu í Unuhúsi að um haust hafi frændkona hennar komið utan af landi til að læra saumaskap í Reykjavík. Hún hafi fengið herbergi og fæði hjá Unu gegn því að ræsta fyrir hana neðri hæð hússins sem hún mun hafa gert af myndarskap. Skömmu síðar á önnur stúlka að hafa flotið inn til Unu. Einnig ættuð utan af landi. Sú var húsnæðislaus og mun hafa haft að litlu að hverfa. Una tók hana inn á heimilið en hafði ekkert pláss annað en að setja hana í rúm hjá frændstúlkunni. Þegar henni spurðust að nýja mærin væri nokkuð fyrir karlmenn og tæki jafnvel fé fyrir greiðann frábað hún sér að hafa hana í sínu rúmi. Þá stóð Una frammi fyrir vanda sem hún leysi. Hún lét frænku sína fara en hélt götustelpunni. Hún sagði frænkuna myndarstúlku með gott mannorð og hún myndi auðveldlega spjara sig en hin væri aumingi sem sem yrði að hjálpa og lækna.

Unuhús var friðað af menntamálaráðherra 28. nóvember 2008 og nær friðunin til ytra byrdis hússins að undanskilinni viðbyggingu við austurhlíð, sem byggð var árið 1979.

MOTUL

SMURLOTTÓ




Þú kemur með bílinn þinn í smurþjónustu í Motormax Vatnagörðum 12 á tímabilinu 10. janúar - 1. apríl og þú ert komin/n í pottinn.

Í verðlaun eru tveir VIP miðar á

KAPPAKSTUR Á SPA BRAUTinni í BELGÍU

í boði Motul og Motormax
flug og gisting innifalin




Landaði silfri á skákmóti



Nemendur Landakotsskóla að tafli á Reykjavíkurmótinu.

A-sveit 4.-7. bekkjar Landakotsskóla í landaði silfrinu á Reykjavíkurmóti grunnskóla sem fram fór í Taffélagi Reykjavíkur 3. til 4. febrúar sl.

A-sveit 1-3. bekkjar varð einnig í 7. sæti í sínum flokki. Landakotsskóli sendi fimm sveitir á mótið. Flottur árangur og mikil gróska í starfinu.

Gísli Marteinn

Vill 30 kílómetra hámarks- hraða vestan Snorrabrautar

Gísli Marteinn Baldursson sjónvarpsmaður vill að hámarks-
hraði í Reykjavík vestan
Snorrabrautar verði lækkaður
í 30 kílómetra á klukkustund.
Þetta kemur fram á Twitter síðu
Gísla Marteins þar sem hann
segir að þetta myndi bjarga
mannslífum. Gísli tekur að lægri
hámarkshraði muni geta bjargað
mannslífum auk þess að draga
úr mengun og gera umhverfið
miklu betra.

Gísli Marteinn leggur til á
Twitter að breyta eigi Hring-
brautinni í borgargötu. Hann
vísar í gögn sem sýna að
banvænum umferðarslysum
hafi fækkað í Helsinki eftir að
hámarkshraðinn var lækkaður
þar. Gísli Marteinn bendir á
að fjöldi fólks hafi slasast á
umliðnum árum. Hann bendir
á að tölur séu til um hversu
margir hafi látist. Hann segir
að skólakrakkar hafi iðulega
verið keyrðir niður við skólana



Gísli Marteinn Baldursson staddur í Vesturbænum.

sína áður en 30 km hverfi voru
sett utan um þá. "Hraðinn er
hættulegur og fólk mun deyja
og slasast. Hraðinn veldur

hávaða og mengun og hann
er óþarfi inni í miðbæ," segir
Gísli Marteinn Baldursson.

Marriott auglýsir eftir starfsfólki

Nú styttest í að Marriott Edition
hótelíð við hlið Hörpu taki til starfa
en gert er ráð fyrir að það verði á
vordögum eða snemma sumars. Hótelíð
verður fyrsta fimm stjörnu hótelíð á
höfuðborgarsvæðinu.

Nú hefur verið auglýst eftir lykil-
starfsfólki á hótelíð. Marriott leitar að
hótelstjóra, viðburðastjóra, einstaklingi
yfir veitingaþjónustu hótelsins, sem
og viðhaldi auk þriggja stjórnenda í
sölu- og markaðsmálum. Hótelíð mun
telja 250 herbergi en áætlað er að
framkvæmdakostnaður verði um 20
milljarðar króna. Upphaflega stóð til að
hótelíð yrði opnað sumarið 2018. Húsnæðið
verður að meirihluta í íslenski eigu en
Marriott mun sjá um rekstur hótelsins.

Austurhöfnin í Reykjavík
þar sem Marriott Edition
hótelíð verður opnað.



HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald
og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

Á hjálparnum 1717
starta sérþjálfað
sjálfbærar sem
eru alltaf
til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

**Gerðu
góðverk
í dag**

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Þú færð hálkusaltið hjá okkur
5kg í poka, 10kg í fötu og 25kg í poka

Grótt
SALT
25 kg

Grótt
SALT
5 kg

SALT
SALT

SALTKAUP
Salt - Umbúðir - íbættiefni

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður | Sími 560 4300 | saltkaup.is

Jón Kristinn og Vilhjálmur Þ. fengu heiðurshúfur

Oddur Helgason ættfræðigúru í ættfræðisetinu ORG í Skerjafirði kallaði til sín þá Vilhjálmu Þ. Vilhjálmsson fyrrum borgarstjóra og Jón Kristinn Snæholm sem var aðstoðarmaður hans í borgarstjóratíðinni. Oddur veitti þeim viðurkenningu fyrir það sem hann kallar "diggan stuðning í verki".

Viðurkenningarnar fólust í að þeim var fenginn og klæddir í heiðursbúning ættfræðisetsins en það eru þrjónahúfur þrjónaðar af Unni B. Pálsdóttur. Skilaboðin sem fylgdu húfunum voru að "aumur væri ættlaus maður". Ættfræðissetur ORG hefur starfað í Skerjafirðinum um ára bil. Þar hefur safnast saman mikil magn ættfræðiupplýsinga. Þar er hægt að finna og rekja margvíslegar tengingar á milli fólks marga ættliði aftur í tímann. Þar hefur fortíðin rödd og tengir leyndarmál hennar við nútímann. Stundum hefur verið haft á orði að Oddur sé galdramaður. Hann sjái í gegnum hóla og fjöll, áratugi og aldir þegar ættfræði er annars vegar. Hjá honum skiptir tími og rúm engu máli. Allt rúmast innan hins víða ramma ættfræðinnar.



Jón Kristinn Snæholm og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson með húfurnar góðu. Þeir standa við skipsstýrið eða rattið sem er höfuðþryði á skrifstofu ORG. Að baki þeirra má sjá gúruinn og galdramanninn sjálfan Odd Helgason.

Kósihornið í Melaskóla lagað



Kósihornið í Melaskóla.

Búið er að laga kósihornið í Melaskóla. Komnir eru sófar, pop-up sparibækur og fræðibækur um náttúru Íslands og von er á grjónapúða fljótlega.

Það er Formel – Foreldrafélag Melaskóla sem hefur hlúð á þennan hátt að bókasafninu. Því er því ekki eftir neinu að bíða. Taka sér bók í hönd og njóta þegar færi gefst.

Skoðun dagsins:

Það er alltaf logn á Grandanum



Komdu með bílinn á **Hólmaslóð 2 úti á Granda** og fáðu skoðun sem gildir í ár eða lengur

AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8-17



Frumherji

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 & 895 8298



Reykjavík

RÖST

Coffee house & bar

Við gömlu höfnina



reykjavikrost.is

MEIRI ORKA 2020



Landsins mesta úrval af korkjógadýnum. Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógahandklæði. Verð frá 16.500 kr.



Frábær lífrænn og umhverfisvænn fatnaður.



Tunguskafan er 2 x mikilvægari en tannbursti.



Viridian vítamín og bæti efni. Mikil úrval og einstök gæði.



Allt lífrænt og án hvíts sykur og hveiti. Sumt glútenlaust og margt vegan.



Hugleiðsla & hafragatur - Fylgstu með á facebook



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Nýtt deiliskipulag fyrir Laugaveg

- öryggi og vellíðan gangandi vegfarenda verður í fyrirrúmi

Skipulags- og samgönguráð hefur samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Laugaveg sem göngugötu. Hluti Laugavegs, Skólavörðustígs og Vegamótastígs verður gerður að varanlegum göngugötum að því er segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Unnið verður í framhaldinu að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og lýsingu. Afmörkuð svæði verða Laugavegur og Bankastræti frá Klapparstíg að Þingholtsstræti, Skólavörðustígur milli Bergstaðastrætis og Laugavegar og Vegamótastígur frá Laugavegi að Grettisgötu.

Framkvæmdir verða unnar í níu áföngum og verða smáar í sniðum. Takmark borgarinnar er að rask við framkvæmdir verði sem minnst og einblint verður á eitt svæði í einu til að forðast neikvæða upplifun. Áhersla verður ekki á allsherjar endurbætur með stórum vinnuvélum og tilheyrandi truflunum heldur verður unnið með smærri skala,“ segir í tilkynningu frá borginni. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á tveimur árum.

Helsta verslunargata frá fornu fari

Laugavegurinn hefur verið



Laugavegur frá Klapparstíg að Þingholtsstræti hefur verið göngugata um hríð.

helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari samhliða lífandi mannlífi og menningu. Vegna sögu sinnar og starfsemi hefur gatan mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi, jafnt innlenda sem erlenda. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að Markmiðið með breytingunum sé að fanga anda miðborgarinnar og fingerðan skala hennar og sömuleiðis mynda sterka tengingu frá Hlemmi að Kvos. Ennfremur segir að vönduð borgarhönnun með öryggi og vellíðan gangandi

vegfarenda verði í fyrirrúmi. Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verður höfð að leiðarljósi við útfærsluna í samráði við notendur og hagsmunasamtök. Alls voru haldnir níu fundir um fyrirhugaðar breytingar með hagsmunaaðilum á síðasta ári. Við göngugötusvæðin eru bílastæðahús, bæði Bergsstaðir og Traðarkot með alls 328 stæði. Einnig eru bílastæðahús í Kolaportinu og Hafnartorgi, alls 1266 stæði.

Prjónaklúbbur í bókasafni Norræna hússins

Í bókasafni Norræna hússins er að fara af stað prjónaklúbbur. Við sem stöndum að klúbbnum bjóðum fólki að koma og hitta annað hannyrðafólk og hafa gaman af, prjóna, hekla og jafnvel sauma.

Einnig til að skrafa saman og sýna það sem fólkið er fást við, gefa öðrum góð ráð og leiðbeiningar og drekka kaffi með. Allir þátttakendur fá ókeypis lánþegakort.

Frekari upplýsingar gefur Ragnheiður, netfang: ragnheidurm@nordichouse.is eða í síma 551-7090.



Prjónaklúbbur er að fara af stað í Norræna húsinu.

MYNDATÖKUR við öll tækifæri

Ljósmyndastofan Eiðistorgi

Tímamantanir 552-0624 milli kl. 13-17

Áralöng reynsla Erling

Húsfélagþjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Badverk.is



Píparar – smiðir – rafvirkjar – múrarar

Badherbergið - heilsulind fjölskyldunar.

fyrir



eftir



e-mail: badverk@badverk.is

S. 7723535

Þrjónuðu poka fyrir pokadýr í Ástralíu



Þrjónað fyrir pokadýr í Grandaskóla.

Nemendur og kennarar í Grandaskóla tóku þátt í verkefninu „Þrjónað fyrir pokadýrin í Ástralíu“ sem er sjálfbærliðaverkefni á alþjóðavísu.

Vegna mikilla skógarelda í Ástralíu er fjöldinn allur af pokadýrum eins og kengúrum orðinn munaðarlaus, en til þess að þrífast og dafna þurfa þau að vera í hlýjum og verndandi pokum. Pokarnir urðu að vera úr ull svo notaður var íslenskur lopi í verkefnið og voru þrjónaðir yfir 30 pokar hér í Grandaskóla. Það voru að mestu nemendur í 7. bekk sem þrjónuðu pokana, þau hjálpuðust mikið að og komu stundum margir þrjónarar að einum poka. Pokarnir voru jafnóðum hengdir upp á textílvegginn í skólanum og þriðjudaginn 4. febrúar fóru þeir svo allir með flugi til Ástralíu með þeim sem skipulögðu verkefnið á Íslandi.

Borgin keypti klósettin



Eitt þeirra salerna sem Reykjavíkurborg hefur fest kaup á. Því verður ekki salernislaust í Miðborginni eins og annars hefði orðið.

Reykjavíkurborg hefur keypt almenningssalerni í miðborginni af fyrri eiganda þeirra EHermannsson sem rekið hafði salernisþjónustuna um árabil. Borgin greiddi fimm milljónir króna fyrir salernin, tvær milljónir króna auki fyrir sérfræðiþjónustu af fyrri eiganda og þjónustubifreið fyrir þrjá milljónir. Alls er því um innkaup fyrir 10 milljónir að ræða.

Reykjavíkurborg ákvað að endurnýja ekki samningin við EHermannsson þar sem samkvæmt innkaupareglum borgarinnar yrði að láta fara fram útboð á þessari þjónustu. Ætlunin var að loka salernunum um síðustu ármót þegar samningurinn við rekstraraðila þeirra rann út en nú hefur verið hætt við það eftir að þau komust í eigu borgarinnar. Um bráðabirgðaástand mun þó vera að ræða því áformað er að bjóða reksturinn út og að hægt verði að taka ný salerni í notkun síðsumars. Ástæða þess að gömlu salernin eru ekki talin nothæf er að þau eru ekki nægilega aðgengileg fyrir hreyfihamlaða.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Við höfum opnað nýjan og endurbættan vef:

www.gamafelagid.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttngabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Þegar kemur að vandaðri vinnu

KR bikarmeistarar í drengjaflokkur 2020



Bikarmeistaratitlinum fagnað.

KR-ingar sigruðu Breiðablik í úrslitaleik drengjaflokks 103-79 eftir að hafa leitt í hálfleik 52-35. Í jöfnu KR-liði þar sem margir leikmenn lögðu í púkkið var Þorvaldur Orri Árnason valinn maður leiksins en hann skoraði 23 stig, tók 10 fráköst, gaf 6 stoðsendingar og varði 4 skot.

KR-ingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og fóru strax í 12-3, Blikar settu fyrstu þrjár körfur sínar fyrir utan þriggja stiga línuna en þeir minnkuðu muninn í 15-11 áður en KR bættu aftur í, KR leiddu 27-20 eftir fyrsta leikhlutana. KR-ingar léku áfram vel í öðrum leikhlutana og 10-0 áhlaup kom þeim í þægilega stöðu, þeir leiddu 52-37 í hálfleik.

KR-ingar voru kærulausir í kringum körfuna og nýttu illa opin sniðskot sem Blikar nýttu sér vel og skoruðu 2-16 í upphafi þriðja leikhluta, staðan 54-48. Aftur náðu KR að koma muninum upp og nú í 65-51 en frábær þriðji leikhluti hjá Blikum kom muninum niður í tvö stig 73-71. Þeir unnu leikhlutann 21-36 og allt í járnum.

KR-ingar komu gríðarlega grimmir til leiks í fjórða leikhluta og skelltu algjörlega í lás í vörninni unnu leikhlutann 30-8 og fögnuðu vel Bikarmeistaratitlinum 103-79.

Ellert og Skúli stigahæstir í karlaflokki

Borðtennismennirnir Ellert Kristján Georgsson og Skúli Gunnarsson voru efstir og jafnir í karlaflokki með 12 stig að loknum þremur mótum keppnistímabilsins í Grand Prix mótariði BTÍ.

Átta stigahæstu leikmennirnir í karla- og kvennaflokki hafa unnið sér inn keppnisrétt á lokamóti mótaraðarinnar, sem fram fer í TBR-húsinu 22. mars.

Eiríkur Logi Gunnarsson endaði í 4.-7. sæti og kemst því líka á lokamótið. Gestur Gunnarsson varð í 12.-15. sæti.

Það tóku fáar KR konur þátt í mótariðinni á þessu keppnistímabili og var Guðrún Gestsdóttir



sú eina sem fékk stig. Hún varð í 7.-9. sæti og á góðan möguleika á að komast inn á lokamótið. Svo skemmtilega vill til að hún er mamma Skúla, Gests og Eiríks.

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Siðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



GETRAUNANÚMER

KR ER

107

Frítt í sjónmælingu til 29. febrúar

Tímapantanir í 568 1800 eða á gleraugad.is